

#### **4. Framvarp**

til laga um nýja embættaskipun.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Gullbringu- og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Gullbringu- Kjósar- og Borgarfjarðarsýsla. Sýslumaður sitji í Hafnarfirði.

2. gr.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Mýrasýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Snæfellsnes- Hnappadals- og Mýrasýsla. Sýslumaður sitji í Stykkishólmi.

3. gr.

Dala- og Strandasýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Dala- og Strandasýsla. Sýslumaður sitji í Dalasýslu.

4. gr.

Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla. Sýslumaður sitji á Blönduósi.

5. gr.

Eyjafjarðarsýsla og Siglufjarðarkaupstaður skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Eyjafjarðarsýsla. Sýslumaður sitji á Akureyri.

6. gr.

Suður-Múlasýsla og Austur-Skaftafellssýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Suður-Múla og Austur-Skaftafellssýsla. Sýslumaður sitji á Eskifirði.

7. gr.

Árnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla skulu vera eitt lög-  
sagnarumdæmi og nefnist það Árnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla.  
Sýslumaður sitji í Árnessýslu.

8. gr.

Sameining embætta þeirra, er hjer um getur, fer fram jafnóðum og  
embættin losna.

Almennar athugasemdir við frumvarp þetta:

Stjórnin lýsti því yfir í stefnuskrá sinni, að hún vildi leitast við að  
gera embættisbálkinn einfaldari, og Þingsályktunartillaga var samþykkt á síðasta  
þingi, sem fór í líka átt. Öllum er orðið það ljóst, að hinn fasti árlegi kostna-  
ður við starfrækslu hins opinbera er orðinn gifurlega mikill, og svo virðist  
sem atvinnuvegir þjóðarinnar muni varla í framtíðinni geta risið undir aukn-  
um útgjöldum í þessa átt, og er því nauðsyu að reyna að sporna við öllum  
ónauðsynlegum embættastofnunum, og draga úr hinum miklu útgjöldum sem  
þegar eru orðin. Auk þess, getur það varla talist heppilegt, að of mikið af  
vinnukrafti þjóðarinnar gangi til starfrækslu opinberra embætta.

Með frumvarpi þessu er gerð tilraun til þess að draga úr þessum  
mikla embættakostnaði með því að tækka sýslumannaembættunum. Og er þá  
aðallega á tvent að líta, hvort hin nýju embætti sjeu svo umfangsmikil, að  
hægt sje að gegna þeim, og þá einnig hitt hvort almenningi sje bökuð óþæg-  
indi og erfiðleikar, er geri ókleift að spara það fje, sem hjer óneitanlega  
sparast. Skýrist þetta best með því að athuga helstu störf sýslumannanna.

D ó m s m á l.

Þau eru talin hjer fyrst, ekki fyrir þá sök, að þau sjeu aðalstörf sýslu-  
manna þegar eingöngu er lítið á það, hve mikill vinnutími gengur til þeirra.  
Umboðsstörfin t. d. gjaldainnheimta til rikissjóðs og skilin fyrir gjöldunum  
taka miklu meiri tíma. En þrátt fyrir þetta eru dómastörfin þannig í eðli  
sinu, að þau verður að telja einna þýðingarmest af öllum embættisverkum  
sýslumanna. Um þetta þarf ekki að fjölyrða, þar sem svo er ástatt sem hjer,  
að tveir eru rjettir, undirrjettur og hæstirjettur. En sýslumennirnir skipa und-  
irrjettina eða þá eru formenn í þeim, samanber t. d. sjórjettina.

Meðfylgjandi skýrsla, sem samín hefir verið um dómssmálin, og nær yfir  
tímabilið frá 1904 til 1913, sýnir bæði hvernig dómssmálin hafa skifst þennan  
tíma á lögsagnarumdæmin eins og þau nú eru, sem og hvernig þau hefðu  
komið niður á hina fyrirhuguðu umdæmaskipun eftir frumvarpi þessu. Þá

fylgir og til frekari skýringar skýrsla um dómsmál í öllum umdæmum landsins fyrir árin 1914 til 1918, og þykir hún ekki þurfa frekari skýringar við.

Til dómsmála í þrengri merkingu teljast sakamál, almenn lögreglumál, einka lögreglumál og einkamál og ná framangreindar skýrslur yfir þau öll.

Ef umdæmaskipun samkvæmt frumvarpi þessu hefði verið komin á 10 ára tímabilið 1904—1913, hefði aukning málanna fyrir hvern dómara í hinum nýju sýslum, frá því sem var í stærstu sýslunni í samsteypunni, orðið sem hér segir:

	Sakam.	Einkam.	Alm. lm.	Einka lm
1. Gullbringu- Kjósar- og Borgarfj.s. með Hafnarfirði	6	16	1	5
2. Snæfellsn.- Hnappad.- og Mýrasýsla ... ..	5	11	»	2
3. Dala- og Strandasýsla ... ..	»	3	7	1
4. Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla ... ..	5	41	45	5
5. Suður-Múla og Austur-Skaftafells. ... ..	»	5	18	4
6. Árnes- Rangárv.- og Vestur-Skaftafells.s. ... ..	5	16	44	15

Af málunum eru það að jafnaði sakamálin sem dómari hefir mesta fyrirhöfn fyrir bæði vegna prófanna, sem oft eru umsvifamikil, og ferðalaga, sem þeim er samfara, en ofangreind tafla sýnir að mest aukning á 10 ára tímabilinu hefði orðið — á sakamálum — í Gullbringu- Kjósar- og Borgarfjarðarsýslu með Hafnarfirði, n. l. 6 mál. Með öðrum orðum ekki eitt mál á ári. Samsteypa nr. 3 og nr. 5 hefði enga aukningu haft í för með sjer. Aukning einkamála og almennra lögreglumála hefði orðið mest í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, liðug 4 mál á ári. Málsaukningin getur því á engan hátt orðið því til fyrirstöðu að samsteypan sje gerð.

Eftir skýrslunni (B. 1904—13) er hæsta málatalan þessi:

Gullbringu- og Kjósarsýsla- og Borgarfjarðarsýsla með Hafnarfirði: Einkamál 104, almenn lögreglumál 161, Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla: einkamál 98, almenn lögreglumál 83, en samkvæmt skýrslunni (A. 1904—13) komu fyrir á 10 ára tímabilinu í Suður-Múlasýslu 153 einkamál og 101 alm. lögreglumál. Nú er það vitanlegt að Suður-Múlasýsla er það lögsagnarumdæmi sem er einna verst umferðar og ekki samanberandi við Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur sameinaðar, þar sem yfirleitt eru góðir vegir, og hafa þó aldrei heyrst raddir í þá átt, að nauðsyn bæri til þess að skifta umræddri sýslu.

Til dómsmála í rýmri merkingu má telja skiftagerðir, fógetagerðir, þar undir kyrsetningar og forboðsgerðir m. m. og uppboðsgerðir.

Eins og kunnugt er skrifa hreppstjórar upp bú og senda síðan uppskrift og virðingargerð til hlutaðeigandi sýslumanns. En venjulegast og víðast hvar er það orðin venja, að öllum búum er skift á skrifstofu skiftaráðanda. Embættasamsteypan hefir því engin önnur áhrif á skiftamálin en þau, að hún eykur vitanlega störf skiftaráðanda, en ekki fyrirsjáanlegt að almenningi verði þetta á nokkurn hátt til óþæginda. En auðsætt er að sýslumönnum verður að sjá fyrir meiri starfskröftum en nú á sjer stað, og mun vikið af því síðar.

Fógetagerðirnar eru þess eðlis, að venjulegast er ekki unt að framkvæma þær á sjálfri sýsluskrifstofunni, eins og t. d. á sjer stað um einkamál

og oft um sakamálsrannsóknir. Um einkamál er það orðin mjög almenn regla, að málsaðiljar komi sjer saman um, til þess að spara fje og tíma, að reka málin á sýsluskrifstofunni. En þessi vegur er venjulega ekki fær þegar um fógetagerðir er að ræða. Fjárnám verður alla jafnan að byrja á heimili rekvísiti. Sama er að segja um útburðargerðir. Þá má enn geta þess, að það er sjerkenni fyrir kyrsetningar- og fógetagerðir, að þær þurfa að framkvæmast fljótt og án dráttar, ef þær eiga að koma að tilætluðum notum. — Af framan-sögðu mætti nú ætla að varhugavert væri að stækka lögsagnarumdæmin vegna þess, að almenningur gæti beðið tjón, ef honum væri gert örðugra en nú á sjer stað með að ná í aðstoð fógeta. En til þessa er að segja að einmitt fógeta-gerðir sjerstaklega kyrsetningar koma örsjaldan fyrir nema í kaupstöðunum eða í stærri kaupúnum, og kunnugt er að sýslumenn, sem gengt hafa embætti um fjöldamörg ár í sveitasýslunum, hafa aldrei framkvæmt kyrsetningar- eða útburðargerð.

Að því er uppboð snertir má nú lögum samkvæmt fela hreppstjóra að halda öll lausafjáruppboð.

#### U m b o ð s m á l .

1. Lögreglustjórn.
2. Innheimta á ýmsum gjöldum til rikissjóðs svo sem tolli, vörugjaldi, stimpilgjaldi, aukatekjum o. fl.
3. Afgreiðsla skipa, innheimta afgreiðslugjalds, vitagjalds og hafnargjalds.
4. Mæling skipa og skrásetning.
5. Lögskráning skipshafna í og úr skiprúmi.
6. Innheimta slysatryggingagjalda fyrir váttryggingarsjóð sjómanna.
7. Firmaskrásetningar.
8. Skipströnd.
9. Heilbrigðismál.
10. Afgreiðsla ýmsra leyfisbrjefa.
11. Tilnefning matsmanna og skoðunarmanna.
12. Landskiftamál.
13. Afgreiðsla vegabrjefa.
14. Eftirlit með ómyndugrafje.
15. Ýmsar skýrslur til stjórnarráðs og hagstofu.
16. Borgaralegt hjónaband.
17. Hjónaskilnaðarmál.
18. Færsla afsals- og veðmálabóka.
19. Innheimta á manntalsbókargjöldum.
20. Fátækramálefni.
21. Sveitarstjórnarmálefni.

#### U m h i n a e i n s t ö k u l i ð i þ e t t a :

1. Um þetta starf sýslumannanna kemst meiri hluti launanefndarinnar, sem skipuð var 9. desember 1914 svo að orði, bls. 375 »eiginlegt lögregluæftirlit geta sýslumenn að jafnaði ekki framkvæmt nema rjett í kringum sig, og varla einu sinni að búast við, að sýslumenn geti sint því þar til fulls, með því að þeir eru hlaðnir svo mörgum og margbrotnum störfum öðrum, sem kalla

þannig að, að lögregluftirlitið einatt hlýtur að verða í hjáverkum«. Þetta er rjett athugað. Lögreglustjórnin er aðallega í höndum hreppstjóranna undir umsjón sýslumanns, og verður það einnig eftir nýja fyrirkomulaginu. Breytingin mundi eingöngu verða sú, að hreppstjórar tæku við lögreglustjórn í Borgarnesi, Sauðárkróki og Vík í stað sýslumanns. En þetta getur ekki verið athugavert, því sem stendur hafa hreppstjórar lögregluftirlitið í stærri kaup- túnunum en ofantöldum, svo sem á Akranesi, Stokkseyri og Eyrarbakka.

Um mál þau, er getið er um undir liðunum 2–4, er það að segja, að þau standa í nánu sambandi við skipakomur frá útlöndum, því afgreiðslu- og vitagjöld eru tekin af skipunum á þeirri höfn, er þau taka fyrst, og sama er að segja um tolla og vörugjöld. En nú er það vitanlegt að í öllum hinum nýju fyrirhuguðu lögsagnarumdæmum er lítið um hafnir eða stór kaup- tún, — eina undantekningin er Siglufjörður, sem hefir alveg sjerstaka afstöðu, og verður hans getið síðar í athugasemdunum við hinar sjerstöku greinar —. Af þessu leiðir að umræddra starfa gætir ekki mjög mikið. T. d. mundi sýslu- maðurinn í Arnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu eiga ólíkt hægra með að gegna þessum störfum en nú sýslumaðurinn í Suður-Múla- eða Ísa- fjarðarsýslu.

Í Arnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu yrðu ekki önnur kaup- tún en Vík í Mýrdal, Stokkseyri, Eyrarbakki og Þorlákshöfn, en það má svo heita að varla komi skip frá útlöndum á þessar hafnir í sex mánuði af árinu, mánuðina október — apríl, og hinn ársins tíma eru skipakomur mjög strjálar að eins nokkur vöruflutningaskip. Í Suður-Múlasýslu eru hinsvegar þessar hafnir: Djúpvogur, Breiðdalsvík, Stöðvarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Reyð- arfjörður, Eskifjörður, Norðfjörður og Mjóifjörður, og nú ber þess að gæta að ekki einungis mannfutninga- og vöruflutningaskip koma allan ársins tíma á þessar hafnir, heldur og líka fjöldi útlendra fiskiskipa bæði á Norðfjörð og Fáskrúðsfjörð.

Um liðina 5–6 má geta þess, að hreppstjórar annast nú að mestu leyti þau störf, en senda skýrslur og peninga innheimta samkvæmt þeim til hlutaðeigandi sýslumanns.

Um málin undir lið 7–18 þykir ekki ástæða að fjölyrða, þau hafa aukna vinnu í för með sjer fyrir hlutaðeigandi yfirvald, en eru annars þess eðlis, að þótt umdæmið stækki, mun þetta yfirleitt ekki hafa nein teljandi óþægindi í för með sjer fyrir almenning.

Innheimta á manntalsbókagjöldunum, sbr. lið 19, verður nú framvegis samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar um manntalsþing, ljett af sýslumönnum og falin hreppstjórunum.

Um afgreiðslu fátækramálefna, sbr. lið 20, fer alveg á sama hátt sem áður. Það er kunnugt að þau af þessum málum, er fara til úrskurðar sýslu- manns og stjórnarráðs, eru oft eins og nú stendur lengi á leiðinni, er kemur til af því, að þau verða oft að fara mörgum sinnum á milli hlutaðeigandi sýslumanna og oddvita. Ef sýslumanninum verður fengin sáemileg aðstoð þarf samsteypa á engan hátt að seinka afgreiðslu þessara mála.

Liður 21 sveitarstjórnarmálefni.

Nú sem stendur eiga sýslumenn sæti í öllum sýslunefndum á landinu, og eru jafnframt oddvitar þeirra. Þetta virðist heppilegt fyrirkomulag og þykir

hafa reynst vel. Sýslumenn sem á annað borð eru duglegir og framtakssamir, hafa borið hag sýslu sinnar fyrir brjósti, og oft staðið framarlega til þess að koma ýmsum fyrirtækjum á stað, er sýslunni hafa orðið til þrifa. Þar að auki er sýslumaður lögfræðingur, og hefir því jafnframt getað leiðbeint sýslunefndinni í vafasömum lögfræðislegum tilfellum. En þrátt fyrir þetta verður því ekki komið við, eftir að samsteypa sú, er hjer ræðir um, er komin í framkvæmd, að sýslumaðnr sje áfram oddviti allra sýslunefnda í lögsagnarumdæmi hans. T. d. þyrfli sýslumaðurinn í Árnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafells-sýslu að sitja þrjá aðalsýslunefndarfundir. Þetta mundi taka allt of mikinn tíma fyrir sýslumann frá öðrum störfum, og ferðirnar verða alldýrar. Þá er og þess að gæta að æði oft er boðað til aukasýslunefndarfunda. Fyrir því er ætlast svo til, að jafnóðum og embættasamsteypnan kemur til framkvæmdar, kjósi sýslunefndirnar í þeim sýslufjelögum, þar sem svo stendur á að sýslan hefir verið sameinuð öðru embætti, sjer sjálfar oddvita, en núverandi fyrirkomulag með sýslumann sem meðlim og oddvita sýslunefndar, haldist að öðru leyti. Eftir þessu eiga sýslunefndirnar í neðantöldum sýslufjelögum sjálfar að kjósa sjer oddvita:

1. Borgarfjarðarsýslu.
2. Mýrasýslu.
3. Strandasýslu.
4. Skagafjarðarsýslu.
5. Austur-Skaftafellssýslu.
6. Vestur-Skaftafellssýslu.
7. Rangárvallasýslu.

Rjett er að taka fram, að stjórnin hefir ekki leitað álits sýslunefna eða hjeraðsstjórna um þetta mál fyrir þá sök, að reynslan hefir sýnt að hjeraðsbúar vilja ekki missa embættismenn sina, hvort heldur um sýslumenn, lækna eða presta er að ræða. Má t. d. benda á að á síðasta Alþingi kom fram vottorð frá sýslumanni Dalasýslu og prófasti um að hjeraðsbúar væru »eindregið á móti því« að Dalasýsla og Strandasýsla væru sameinaðar. Alþt, 1922 C. bls 459.

En þrátt fyrir þessar raddir eru þó nálega allir sammála um, að embættisliðið beri þjóðina ofurliði, og verður því ekkert úr umbótunum, ef taka á tillit til álits sýslunefnda í þessu efni. En hinsvegar hefir verið reynt að taka eins og unt hefir verið tillit til almennings í þessu máli. Sýslufjelögin þannig látin halda sjer alstaðar óbreytt, en á það mun lögð mikil áhersla. Þá ber og þess að gæta, að þegar samsteypa sýslumannaembættanna hefir verið á döf-inni á fyrri þingum, hefir hún að jafnaði að eins náð til eins og eins embættis, og sparnaðurinn því tiltölulega litill, en hjer er um gagngerða breytingu að ræða, þar sem fimm sýslumannaembætti og eitt bæjarfógetaembætti verður lagt niður, og má því gera ráð fyrir að málinu verði tekið öðruvisi en hingað til hefir átt sjer stað. Enda má ekki gleyma því að vegir, brýr og sími bæta mikið úr frá því sem áður var í þessu efni.

Embættin sem hverfa úr sögunni eru þessi:

	Laun 1921.
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla ... .. .	kr. 9500 00
Strandasýsla ... .. .	— 9500 00
Skagafjarðarsýsla ... .. .	— 9500 00
Skaftafellssýsla ... .. .	— 9500 00
Rangárvallasýsla ... .. .	— 9500 00
Siglufjarðarkaupstaður . . . . .	— 5933 25
	kr. 53433 25
Skrifstofukostnaður allra embættanna 1922, sbr. meðfylgjandi skýrslu ... .. .	— 13900 00
	Samtals: kr. 67333 25

Það er örðugt að gera ákveðna áætlun um skrifstofukostnað embættanna í þessu frumvarpi, vegna þess, að gert er ráð fyrir að samsteypan komi ekki til framkvæmdar fyr en jafnóðum og þeir menn fara úr embættunum, er nú skipa þau, en þá getur sá grundvöllur og þær kringumstæður, sem skrifstofukostnaðurinn nú yrði byggður á verið breyttur. En í aðalatriðunum má þó gera sjer grein fyrir þessum útgjöldum.

Samkvæmt frumvarpinu til laga um manntalsþing losna sýslumennirnir að öllu leyti við þingferðirnar, og þegar þess er gætt, að þær hafa í för með sjer tíu til tuttugu daga vinnutap fyrir sýslumennina auk ferðakostnaðar, mun láta nærri að áætla þeim að jafnaði 600 kr. hagnað við að leysast undan þessa ferðalagi um alt umdæmið.

Ríkinu að kostnaðarlausu, frá því sem nú er, mundu því sýslumennirnir í hinum nýstofnuðu embættum, ef talinn er með áætlaður hagnaður við að losna við þingferðir, hafa skrifstofukostnað sem hjer segir:

Sbr. skýrsluna um skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta.

Gullbringu- Kjósar- og Borgarfjarðarsýsla með Hafnarfirði ... .. .	6000 + 2500 + 600 = 9100 kr.
Snæfellsn.- Hnappad.- og Mýrasýsla	2500 + 0000 + 600 = 3100 —
Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla	2500 + 2500 + 600 = 5600 —
Dala- og Strandasýsla... .. .	850 + 1600 + 600 = 3050 —
Eyjafjarðarsýsla og Akureyri ...	8700 + 3500 + 600 = 12800 —
Suður-Múla- og Austur-Skaftafellss.	4800 + 0000 + 600 = 5400 —
Árnes- Rangárv. og V.-Skaftaf.sýsla	2500 + 4200 + 1300 + 600 = 8600 kr.
	Samtals: kr. 47650 00

Ef gert er ráð fyrir sem láta mun nærri, að við skrifstofukostnaðinn, 47650 kr. í samsteypusýslunum þurfi að bæta við um 3500 kr. Þá verður beinn árlegur hagnaður fyrir rikissjóð á samsteypunni, þegar öll embættin eru sameinuð, um 50000 kr., en auk þess minskar ennfremur í framtíðinni eftirlaunafúlgan við fækkun embættanna.

Athugasemdir við hinar sjerstöku greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Árið 1918 voru í Gullbringu- og Kjósarsýslu, með Hafnarfirði, 5999 menn, en í Borgarfjarðarsýslu 2508, þar af á Akranesi 897. Aðalverslunarstaðurinn í Borgarfjarðarsýslu er þannig Akranes. En hvort heldur litið er til almenningsþarfa eða sýslumanns, virðist hjer um engin vandkvæði að ræða. Almennigur á jafn hægt með að ná til Hafnarfjarðar frá Akranesi eins og til Borgarness. Sími er á báðum stöðum, og ferðir milli Akraness og Reykjavíkur munu miklu tíðari en á milli Akraness og Borgarness. Það er vitanlegt að þeir íbúar Borgarfjarðarsýslu, sem heimili eiga fyrir utan Akranes -- þeir voru 1918 1611 -- eiga örðugra en áður að ná til sýslumanns. En þegar þess er gætt, að 10 ára tímabilið 1904—'13 eru að eins 16 einkamál tekin fyrir í allri Borgarfjarðarsýslu, og að eins 3 mál þingfest síðustu 3 árin á manntalsþingum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er það auðsætt, að sýslumaður hefir ekki oft þurft að fara um þann hluta Borgarfjarðarsýslu, er umræddir 1611 menn byggja. Og ekki er um skipakomur að ræða, því þetta eru nálega alt sveitahreppar. Vegna þess hve samgöngur eru tíðar milli Akraness og Reykjavíkur, en þaðan daglegar ferðir til Hafnarfjarðar, þykir ekkert því til fyrirstöðu að sýslumaður sitji í Hafnarfirði.

Við 2. gr.

Mýra- og Hnappadalssýsla voru fyrr eitt lögsagnarumdæmi. Á Alþingi 1849 var lagt fram konunglegt álitismál um að sameina Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, en Alþingi var mótfallið þessari tillögu. Á Alþingi 1869 kom til umræðu skifting á sýslum í Vesturumdæminu, og var þar, á meðal annars, farið fram á, að Hnappadalssýsla yrði aðskilin frá Mýrasýslu og lögð undir Snæfellsnessýslu. Málalokin urðu þau, að 1871 var Hnappadalssýsla sameinuð Snæfellsnessýslu og Mýrasýsla Borgarfjarðarsýslu. Rjett þykir að geta þess, að Mýra- og Hnappadalssýsla var lögð niður, sumpart vegna þess, að hörgull var á hæfum mönnum í sýslumannsembættin, og sumpart fyrir þá sök, að embættið var rýrt, og þó öllu fremur til þess að bæta upp sýslumannsembættið í Borgarfjarðarsýslu að tekjum, með því að leggja Mýrasýslu undir það.

Í Mýrasýslu voru 1918 1864 menn. Eins og kunnugt er, skilur Hítará Hnappadals- og Mýrasýslu, en frá ánni eru 30 km. til Borgarness, og er bifreiðarvegur alla leið.

Greinin þykir ekki gefa ástæðu til frekari athugasemda.

Við 3. gr.

Á Alþingi 1877 var borið fram frumvarp til laga um sameiningu Dala- og Strandasýslu. Flutningsmaður var þingmaður Dalamanna. Gat hann þess á meðal annars, að »það er ljóslega talaði fyrir þeirri sýslusameining, er hjer væri um að ræða, væri það, að bæði væri landslagi þeirra þannig háttað, að eigi mundi ofvaxið fyrir einn mann að gegna þeim báðum, enda hefði reynslan sýnt að svo væri«. — Frumvarpið var felt í efri deild.

Á Alþingi 1914 kom fram þingsályktunartillaga um fækkun sýslumannaembætta, og hafði flutningsmaður tillögunnar einkum í huga Dalasýslu og



Strandasýslu. Á Alþingi 1919 lagði stjórnin fram frumvarp til laga um sameining þjeðra sýslna. Frumvarpið var felt í neðri deild með rökstuddri dagskrá.

Loks flutti þingmaður Strandamanna á Alþingi 1922 frumvarp til laga um sameining sýslnanna, og lauk málinu svo, að því var vísað til stjórnarinnar.

Fólkstalan í Dalasýslu var 1918 2008 manns, en í Strandasýslu 1847. Málatalan 1904—'13 í báðum sýslunum: sakamál 3, einkamál 14, almenn lög-  
reglumál 9, einka lögreglumál 1.

Ríkissjóðstekjur í Dalasýslu 1920 námu kr. 13087.28, en í Strandasýslu kr. 76632.00.

#### Við 4. gr.

Í hinu sameinaða embætti hefði mannfjöldinn orðið 8584, miðað við árið 1918, og málatalan þetta ár: Sakamál ekkert, einkamál 9, almenn lögreglumál 4, einka lögreglumál ekkert. En fyrir 10 ára tímabilið 1904—'13, hefði málatalan fallið þannig á embættið: Sakamál 17, einkamál 98, almenn lögreglumál 83, einka lögreglumál 13.

Í umdæminu verða þessar hafnir: Hvammstangi, Lambhúsavík, Blönduós, Skagaströnd, Kálfshamarsvík, Sauðárkrókur, Kolkuós og Hofsó. Þegar á alt er litið, mun Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla þannig verða umfangsmesta embættið af hinum nýju sýslum, að undantekinni Eyjafjarðarsýslu. Þessu til sönnunar skal bent á, meðal annars, málátöluna í Árnes- Rangárvalla- og Vestur-Skafta-  
fellssýslu, með 11906 íbúum, miðað við 1918. Þar er málatalan þessi: Sakamál 1, einkamál 4, almenn lögreglumál 1, einka lögreglumál 2; og 10 ára tímabilið 1904—'13 þannig: Sakamál 7, einkamál 43, almenn lögreglumál 84, einkalögreglu-  
mál 18. Hins vegar var málatalan í Suður-Múlasýslu árin 1904—'13 sem hjer segir: Sakamál 12, einkamál 153, almenn lögreglumál 101, einka lögreglumál 23. Með öðrum orðum, málin í Suður-Múlasýslu voru á umræddu tímabili alls 289, en í báðum sýslunum Húnavatns- og Skagafjarðar 211. Má af þessu sjá að vel getur einn maður gegnt dómarastörfum í hinu nýja umdæmi.

Innheimta ríkissjóðsteknanna og reikningsskilin fyrir þeim, er í hinum stærri sýslum, og líklega fleirum, það starf sýslumannanna er tekur mestan tíma. Það má svo heita, að tveir fyrstu mánuðir ársins gangi að mestu til þessarar vinnu. Er þetta atriði því hjer tekið til athugunar.

Samkvæmt landsreikningunum 1920 námu ríkissjóðstekjurnar í Húna-  
vatns- og Skagafjarðarsýslu kr. 152800.83, en í Suður-Múlasýslu einni kr. 176555.65. Þessi samanburður á málátölu og ríkissjóðstekjum sýnir, að störfin í þessu um-  
dæmi verða ekki eins mikil og nú í stærri sýslunum, því málatala og upphæð ríkissjóðsteknanna er ábyggilegur mælikvarði fyrir vinnu þeirri og starfsemi, sem þarf til þess að rækja embættin sómasamlega, miklu ábyggilegri en fólkstalan. Suður-Múlasýsla hefir sjerstaklega verið tekin hjer til samanburðar fyrir þá sök, að þegar ákveða á skrifstofukostnaðinu fyrir þetta og önnur hinna nýju em-  
bætta, er heppilegt að hafa eitt af gömlu embættunum til samanburðar. Vist er um það, að þetta nýja umdæmi er víðáttumeira en Suður-Múlasýsla, en þá er hins að gæta, að þessi sýsla er einhver hin ógreiðasta yfirferðar á öllu landinu. Í þessari sýslu — Suður-Múlasýslu — voru íbúar árið 1918 5146, en eins og áður er tekið fram í Húnavatns- og Skagafjarðar sýslum 8584. Þetta sýnir, eins og líka oft hefir verið bent á á Alþingi, þá er um sameining sýslna hefir verið

að ræða, að störf og vinna sýslumanna fara ekki eingöngu eftir fólksfjölda. Þannig voru umrætt ár, 1918, 3339 íbúar fleiri í Húnavatns- og Skagafjarðar sýslum en í Suður-Múlasýslu, og þó voru einkamálin 10 ára tímabilið 1904—'13 í síðast nefndri sýslu 153, en ekki nema 98 í báðum sýslunum, Húnavatns- og Skagafjarðar. Manntalið hefir breytst svo lítið í ofanefndum sýslum frá 1904—1918, að engu skiftir í þessu efni. Á sama hátt tilfalla ríkissjóði meiri tekjur úr Suður-Múlasýslu en úr báðum oft nefndum sýslum. Ástæðan til þessa er auðráðin gáta. Í Húnavatns- og Skagafjarðar sýslum búa að eins um 12 hundruð manns í verslunarstöðunum, og það af 8584 íbúum, en í Suður-Múlasýslu liðug 2000 af 5146. Þetta er þó ekki nægileg skýring á ofangreindum hlutföllum á málátölu og ríkissjóðstekjum, en hún verður fullkomin þegar þess er gætt, að í Suður-Múlasýslu eru íslausar og ágætar hafnir, og að þangað koma fjöldi skipa, bæði verslunarskip og útlend fiskiskip.

#### Við 5. gr.

Með lögum um bæjarstjórn á Siglufirði, 22. nóv. 1918, var Siglufjarðarverslunarstaður tekinn í tölu kaupstaðanna, og lögreglustjóri skipaður með 2000 kr. árslaunum, en þessum lögum var aftur breytt á Alþingi árið eftir, og var þá svo ákveðið, að lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað skyldi vera bæjarfógeti í kaupstaðnum, og launaður úr ríkissjóði. Loks voru laun hans ákveðin í lögum um laun embættismanna frá s. á., og skyldi hann hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., er hækkuðu upp í 3500 kr.

Eins og flutningsmaður að frumvarpinu til laga um bæjarstjórn á Siglufirði tók fram á Alþingi 1918, var aðalástæðan til þess að lögreglustjóraembættið var stofnað á Siglufirði sú, hve margir útlendingar stunduðu þar síldveiði sumar-mánuðina, og komst hann svo að orði: »en það er sú tilfinnanlega vöntun á lögreglu eða valdsmannsleysið á Siglufirði, sem er sterkasta ástæðan fyrir flutningi þessa máls«. En úr þessu má bæta, þótt bæjarfógetaembættið á Siglufirði verði sameinað Eyjafjarðarsýslu, því ekki þarf annað en að ákveða skrifstofukostnað sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri með það fyrir augum, að honum verði gert að skyldu að hafa fulltrúa sinn á Siglufirði um síldveiðartímann, og væri það þá á valdi stjórnarráðsins að veita honum fullt dómvald. Því gera má ráð fyrir að skrifstofukostnaður bæjarfógetans á Akureyri yrði það aukinn, er Siglufjörður aftur yrði lagður undir embættið, að honum væri unt að halda lögfræðing sem fulltrúa, enda mun nú þegar þess full þörf, en skrifstofukostnaður emættisins mun nú of lítill til þess, að þessi embættismaður hafi ráð á því. Nú er skrifstofukostnaður bæjarfógetans á Siglufirði 3500 kr., og mundi bæjarfógetinn á Akureyri að öllum líkindum fullsæmdur af því, ef hann fengi þessa upphæð fyrir að hafa fulltrúa sinn á Siglufirði þriggja mánaða tíma að sumrinu. Má geta þess, að áður voru að eins veittar 1000 kr. úr landssjóði til lögreglugæslu á Siglufirði um síldartímann. Að öðru leyti hefði samsteypan engin önnur áhrif á bæjarrjettindi Siglufjarðar en þau, að bærinn yrði sjálfur að kosta bæjarstjóra.

#### Við 6. gr.

Í Austur-Skaftafellssýslu voru 1918 1141 menn. Sýslan er að sönnu löng

og strönd koma þar fyrir, en yfirleitt er þar lítið að gera fyrir sýslumann Greinin þykir ekki þurfa frekari skýringar.

#### Við 7. gr.

Á Alþingi 1887 bar fyrsti þingmaður Suður-Múlasýslu fram frumvarp til laga um sameining Árness og Rangárvalla sýslna. En sameiningin átti ekki að koma til framkvæmda fyrir en Ölfusá og Þjórsá væru brúaðar. Sameining embættanna var þannig tvinnuð saman við brúarmálin. Umræður urðu ekki langar um málið, en allir voru sammála um, að það gæti ekki komið til mála að steypa saman embættunum á meðan við slíkar torfærur væri að berjast sem Ölfusá og Þjórsá óbrúaðar. — Frumvarpið var borið fram í efri deild, en var þar felt frá nefnd og 2. umræðu með 6 atkv. gegn 4.

Á Alþingi 1922 kom fram frumvarp til laga um sameining ofangreindra embættanna, en því var með rökstuddri dagskrá vísað til stjórnarinnar. Í þessu nýja embætti verða 11906 íbúar, samkvæmt manntalsskýrslum 1918. Á Alþingi virðast sumir þingmanna einmitt hafa talið mannfjöldann á Suðurlandsundirlendingu því til hindrunar að sýslurnar yrðu sameinaðar, en eins og sýnt hefir verið fram á áður, kemur fleira til greina en fólkstala, þegar um sýslumannsstörfin er að ræða. Eins og málatöflurnar, sem fylgja frumvarpi þessu, sýna, var málatalan 1904—'13 í Suður-Múlasýslu alls 289, en í öllum þessum sameinuðu sýslum að eins 152. Tiltölulega eru almennu lögreglumálin flest í Árnessýslu, en það mun stafa af því að allmargir eru á ári hverju sektaðir fyrir ólöglega umferð yfir Ölfusárbrú. En þau mál eru afar einföld og taka því lítinn tíma upp fyrir sýslumanninn.

Ríkissjóðstekjurnar voru um 70000 kr. hærri í Suður-Múlasýslu en í þessu nýja lögsagnarumdæmi, samkvæmt landsreikningunum 1920. Þegar nú þess er gætt, að Suðurlandsundirlendið er greiðfærasti hluti landsins, til dæmis má að sumri til fara í bifreið um meiri hluta Árnessýslu, er fjarstæða ein að telja þessa samsteypu ógerlega. Á málatöflunum má sjá, að í Vestur-Skaftafellssýslu hefir ekki að jafnaði verið dæmt eitt einkamál á ári 1904—'13. En nú munu menn þá telja það aðal-agnúann á að bæta þessari sýslu við Árnes- og Rangárvallasýslu, að erfitt yrði að sækja sýslumann á strandstaðina. En bæði er það, að eftir því sem vitum fjölgar á landinu, dregur úr ströndunum, og eins er hitt, að úr þessu má bæta með því móti, að auka skrifstofukostnað sýslumanns, svo að hann geti haldið fulltrúa. Fyrir þá sök, að jafnstór kaupún sem Eyrarbakki og Stokkseyri liggja í Árnessýslu, þykir rjett að sýslumaður sitji í Árnessýslu.

#### Við 8. gr.

Í flestum embættunum eru menn á besta aldri. Er því ekki fært að láta samsteypuna strax koma til framkvæmda. En ætlast er til þess, að embættin verði strax sameinuð jafnóðum og þau losna, og ef svo skyldi vilja til, sem ekki er líklegt, að hlutaðeigandi sýslumaður vildi ekki bæta við sig embætti því, er losnar, þá verður einungis að selja í það.

Skýrsla um dómsmál árin 1914–1918.

	Sakamál					Sáttamál vísað til dóms					Lögreglumál almenn					Einka lögreglumál				
	1914	1915	1916	1917	1918	1914	1915	1916	1917	1918	1914	1915	1916	1917	1918	1914	1915	1916	1917	1918
Reykjavík .....	5	8	3	»	15	83	106	100	101	65	63	192	83	95	84	6	5	6	5	4
Gullbringu- og Kjósarsýsla	»	1	1	»	»	4	9	2	5	2	6	7	6	6	7	2	1	1	2	»
Hafnarfjörður .....	»	»	»	»	»	»	»	4	3	1										
Mýra- og Borgarfjarðars..	»	»	»	»	»	6	5	10	3	4	»	2	5	1	1	1	1	1	2	1
Snæfellsnessýsla .....	7	4	1	»	1	8	1	5	6	»	3	1	2	1	5	»	2	1	»	»
Dalasysla .....	»	»	»	»	»	6	1	2	1	1	4	»	»	2	1	»	»	5	2	»
Barðastrandarsýsla .....	»	»	»	»	»	1	3	2	»	2	2	»	1	»	4	»	»	1	»	»
Ísafjarðarsýsla .....	2	»	»	1	»	12	5	6	2	6	4	4	3	»	»	»	»	»	»	»
Ísafjörður .....	2	1	3	1	1	9	6	8	10	6	3	7	18	35	15	»	»	»	»	»
Strandasysla .....	»	1	»	»	2	»	»	»	»	»	1	»	»	»	»	»	»	»	»	1
Húnavatnssýsla .....	»	»	4	1	»	2	6	1	5	5	»	1	2	»	1	»	»	1	1	»
Skagafjarðarsýsla .....	»	2	»	»	»	15	8	»	4	4	2	»	»	»	3	1	1	1	»	»
Eyjafjarðarsýsla .....	2	»	»	»	2	6	13	9	7	14	34	34	15	12	2	7	2	»	»	2
Akureyri .....		»	»	»		»	9	9	15	4										
Pingeyjarsýsla .....	»	»	»	»	»	2	1	3	3	7	»	»	»	»	»	»	»	1	»	»
Norður-Múlasýsla .....	»	»	»	1	»	3	»	»	4	»	5	»	4	2	»	»	»	2	»	»
Seyðistjörður .....	»	»	1	»	5	3	3	1	8											
Suður-Múlasýsla .....	»	»	»	1	»	10	10	13	10	18	7	3	2	1	»	»	»	»	3	2
Skaftafellssýsla .....	»	»	»	»	»	»	4	1	1	1	2	1	»	»	»	»	1	»	1	»
Vestmannaeyjar .....	»	»	»	1	»	7	10	3	2	»	22	29	41	13	13	3	4	2	3	6
Rangárvallasýsla .....	»	»	»	»	»	3	»	1	1	2	1	»	2	1	1	5	»	»	2	2
Árnessýsla .....	»	3	»	»	1	2	10	4	7	1	»	3	1	»	»	»	2	»	1	»
Samtals ...	18	20	13	6	22	193	210	192	180	154	159	284	185	169	137	25	19	22	22	18

## Skýrsla

um dómsmál fyrir 10 ára tímabilið 1904—'13 og fólkstala 1918.

A. Gömlu umdæmin:	Saka- mál	Einka- mál	Almenn lögr.mál	Einka- lögr.mál	Fólkst. 1918
1. Gullbr.- og Kjósarsýsla m. Hafnarf.	18	88	160	4	5999
2. Borgarfjarðarsýsla . . . . .	6	16	1	5	2508
3. Mýrasýsla . . . . .	5	11	»	2	1864
4. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla . .	24	64	53	5	3985
5. Dalasýsla . . . . .	3	11	2	»	2008
6. Strandasýsla . . . . .	»	3	7	1	1847
7. Húnavatnssýsla . . . . .	5	41	45	5	4226
8. Skagafjarðarsýsla . . . . .	12	57	38	8	4358
9. Suður-Múlasýsla . . . . .	12	153	101	23	5146
10. Austur-Skaftafellssýsla . . . . .	»	5	18	4	1141
11. Vestur-Skaftafellssýsla . . . . .	»	7	29	7	1944
12. Rangárvallasýsla . . . . .	5	9	15	8	3978
13. Árnessýsla . . . . .	2	27	40	3	5984
<b>Samtals</b>	92	492	509	75	»
B. Nýju umdæmin:					
1. Gullbr.- Kj.- og Borgarfj.s. m. Hafnarf.	24	104	161	9	8507
2. Snæfellsnes-, Hnappadals- og Mýras.	29	75	53	7	5849
3. Dala- og Strandasýsla . . . . .	3	14	9	1	3855
4. Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla . .	17	98	83	13	8584
5. S.-Múla og A.-Skaftafellssýsla . . .	12	158	119	27	6287
6. Árnes- Rangárv.- og V.-Skaftaf.sýsla	7	43	84	18	11906
<b>Samtals</b>	92	492	509	75	44988

Aths. Eyjafjarðarsýsla hefur ekki verið tekin í þetta yfirlit. Því Siglufjörður var ekki tekinn í tölu kaupstaðanna fyrir en árið 1918.

## Skrá

yfir laun sýslumanna og bæjarfógeta m. m. 1921.

Tala	Nöfn	Emb.- aldur	Laun eftir launal.	Uppbót	Laun samtsals	Aths.
1.	Jóhannes Jóhannesson .....	1/7 '97	6000,00	3500,00	9500,00	
2.	Jón Hermannsson .....	1/4 '18	5000,00	4500,00	9500,00	Hækkar 1/4
3.	Guðmundur Björnsson.....	1/6 '05	5200,00	4300,00	9500,00	
4.	Páll V. Bjarnason .....	1/6 '05	5200,00	4300,00	9500,00	
5.	Bjarni Þ. Johnsen .....	1/9 '15	4500,00	5000,00	9500,00	
6.	Einar M. Jónasson .....	1/9 '18	4200,00	5300,00	9500,00	Hækkar 1/9
7.	Magnús Torfason .....	1/10 '95	5600,00	3900,00	9500,00	
8.	Halldór Kr. Júlíusson .....	1/4 '09	5200,00	4300,00	9500,00	
9.	Bogi Brynjólfsson .....	1/10 '18	4200,00	5300,00	9500,00	Hækkar 1/10
10.	Kristján Linnet .....	1/10 '18	4200,00	5300,00	9500,00	Hækkar 1/10
11.	Steingrímur Jónsson .....	1/6 '98	5600,00	3900,00	9500,00	
12.	Guðm. Hannesson .....	1/6 '19	2500,00	3433,25	5933,25	
13.	Júlíus Havsteen .....	1/10 '20	4200,00	5300,00	9500,00	
14.	Ari Arnalds .....	1/2 '14	5200,00	4300,00	9500,00	
15.	Sigurjón Markússon .....	1/3 '15	4500,00	5000,00	9500,00	
16.	Gísli Sveinsson .....	1/6 '18	4200,00	5300,00	9500,00	
17.	Björgvin Vigfússon .....	1/1 '05	5200,00	4300,00	9500,00	
18.	Guðm. Eggerz .....	1/11 '08	4200,00	5300,00	9500,00	
19.	Karl Einarsson .....	1/8 '09	5200,00	4300,00	9500,00	
20.	Magnús Jónsson .....	1/9 '96	5200,00	4300,00	9500,00	

## Skýrsla

um skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta.

	1922.
1. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjörður ... ..	kr. 6000 00
2. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla... ..	— 2500 00
3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla ... ..	— 2500 00
4. Dalasýsla ... ..	— 850 00
5. Barðastrandarsýsla ... ..	— 2000 00
6. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður ... ..	— 11000 00
7. Strandasýsla ... ..	— 1600 00
8. Húnavatnssýsla... ..	— 2500 00
9. Skagafjarðarsýsla... ..	— 2500 00
10. Siglufjarðarkaupstaður ... ..	— 3500 00
11. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri ... ..	— 8700 00
12. Þingeyjarsýsla ... ..	— 3000 00
13. N.-Múlasýsla og Seyðisfjörður ... ..	— 5800 00
14. S.-Múlasýsla ... ..	— 4800 00
15. Skaftafellssýsla ... ..	— 2500 00
16. Rangárvallasýsla ... ..	— 1300 00
17. Vestmannaeyjar ... ..	— 3500 00
18. Árnessýsla ... ..	— 4200 00
19. Bæjarfógetinn í Reykjavík .. ..	— 31000 00
	<hr/>
	kr. 99750 00